

Leiðbeiningar um frágang handrita

(lengri og ítarlegri gerð)

Síðast endurskoðaðar í febrúar 2019

Um leiðbeiningarnar

Eftirfarandi leiðbeiningar eru byggðar á þeim sem birtust í 2. og 12.–13. árgangi tímaritsins og hafa verið endurskoðaðar eftir þörfum. Markmið leiðbeininganna er að auðvelda ritstjórum, yfirlesarum og umbrotsmönnum verk sitt. Því betur sem höfundar fara eftir leiðbeiningunum, því auðveldara er að ganga frá efninu til prentunar og gæta samræmis í frágangi. Yfirlesarar greina eru m.a. beðnir að huga að því hvort höfundar fari eftir leiðbeiningum tímaritsins og því má búast við athugasemdum sem varða slíka hluti. Ef höfundur gengur ekki frá lokagerð handrits í samræmi við leiðbeiningar tímaritsins má hann búast við að fá það endursent með beiðni um lagfæringar. Slíkt getur tafið birtingu greina.

Efnisyfirlit

1. Efni og markmið
2. Skil á handritum og frágangur þeirra
3. Stafsetning og greinarmerkjasetning
4. Framsetning efnis og kaflaskipting greina
5. Neðanmálgreinar
6. Dæmi og frágangur þeirra
7. Myndir, töflur og gröf
8. Leturbreytingar
9. Notkun tilvitnunarmerkja (gæsalappa) og ýmissa sértákna
10. Tilvísanir
11. Heimildir og frágangur heimildaskrár
12. Útdráttur og lykilorð
13. Yfirllestur handrita og athugasemdir
14. Prófarkir
15. Sérprent

1. Efni og markmið

Markmið tímaritsins *Íslenskt mál og almenn málfræði* er að vera vettvangur fyrir fræðileg skrif um hvaðeina sem varðar íslenska og almenna málfræði. Ritið birtir rannsóknar- og yfirlitsgreinar um öll svið íslenskrar málfræði og almennra málvísinda auk greina um ný ritverk á sviði tímaritsins (rýnigreinar, e. *review articles*). Ritið birtir einnig stuttar fræðilegar athugasemdir, umræðugreinar, frásagnir sem snerta mál og málrannsóknir o.fl. (flugur). Þá eru birtar ritfregnir og stuttar umsagnir um bækur svo og skýrslur um starf Íslenska málfræðifélagsins, sem er útgefandi tímaritsins.

Greinar skulu að jafnaði skrifaðar á íslensku en einnig eru birtar greinar á ensku, þýsku og norrænum málum. Þeim skal fylgja útdráttur á ensku og auk þess á íslensku ef greinin er skrifuð á öðru máli.

Greinar eru ritrýndar, þ.e. sendar nafnlausar til tveggja yfirlesara sem skila athugasemdum til ritstjóra. Ritstjóri les allar greinar, metur þær ásamt yfirlesarum og sér um að koma viðeigandi athugasemdum til höfunda (sjá nánar í 13. kafla hér á eftir).

2. Skil á handritum og frágangur þeirra

Handriti skal skila til ritstjóra sem viðhengi í tölvupósti. Póstfangið er: islensktmal@hi.is. Nafn höfundar, heimilisfang og tölvupóstfang skal koma skýrt fram í skeytinu en ekki í handritinu sjálfu, enda sendir ritstjóri það nafnlaust til yfirlesara.

Almennt er gert ráð fyrir að handrit sé í Word nema sérstök ástæða sé til annars, einkum vegna sértákna sem krefjast annars forms. Síðustærð handritsins skal vera A4, línubil stillt á 1,5, spássíur 2,5 sm á alla vegu og letrið 12 punkta Times New Roman nema efnið krefjist annars, t.d. vegna sértákna. Þess skal þá getið sérstaklega. Dálkastilling (e. *tab*) skal vera sú sama í öllu handritinu, 0,5 sm. Blaðsíður í handritinu eiga að vera númeraðar svo hægt sé að vísa í blaðsíðutal í athugasemdum. Mikilvægt er að ritvinnsluskjalið sé sem allra einfaldast að gerð. Hafi höfundar notað sjálfvirkar skipanir ritvinnsluforritsins við frágang greinarinnar, s.s. sjálfvirk kaflanúmer, sjálfvirk dæmanúmer, sjálfvirkan frágang ritaskrár, sjálfvirk bil á eftir efnisgreinum, sjálfvirkar leturstærðir í fyrirsögnum (stíla) o.s.frv., eru þeir beðnir að taka burt slíkar skipanir í lokagerð handritsins. Auk ritvinnsluskjalsins skal pdf-útgáfa af greininni fylgja handritinu til þess að sýna á óyggjandi hátt hvernig höfundur gerir ráð fyrir að sértákn, töflur, myndir og önnur uppsetning birtist.

Gert er ráð fyrir að greinar séu að jafnaði 15–30 síður í tímaritinu (um 4.500–9.000 orð) og þær skulu ekki vera lengri en 40 tímaritssíður (um 12.000 orð). Greinar um ritverk (rýnigreinar) lúta sömu lengdarreglum og aðrar greinar en flugur og umsagnir um bækur og önnur ritverk eru styttri, almennt innan við 10 síður (3.000 orð).

Tímaritið kemur að jafnaði út einu sinni á ári. Tekið er við handritum allan ársins hring en auk þess auglýsa ritstjórar lokaskilafrest í hvert hefti á vefsíðu Íslenska málfræðifélagsins (<http://malfraedi.hi.is/>) og í tölvupósti til félagsmanna. Greinar eru lesnar yfir og sendar til ritrýningar jafnóðum og þær berast og það ferli getur tekið talsverðan tíma (sjaldnast minna en tvo mánuði, stundum meira). Greinar eru að öðru jöfnu birtar í þeirri röð sem samþykktar lokagerðir þeirra berast. Nafn höfundar skal koma fram í lokagerðinni (sjá 4. kafla).

3. Stafsetning og greinarmerkjasetning

Stafsetning og greinarmerkjasetning á að vera í samræmi við almennar reglur. Athugið líka eftirfarandi venjur tímaritsins:

1. Slá skal eitt stafbil á eftir kommu og punkti (ekki tvö).
2. Nota skal langt strik, þ.e. — (stundum kallað m-strik), sem þankastrik.
3. Nota skal meðallangt strik, þ.e. – (stundum kallað n-strik), í merkingunni ‘til’, t.d. í ártölum eða öðrum tölum. Þetta strik er einnig notað til að aðgreina beygingarmyndir í upptalningu:
Björn K. Þórólfsson fjallar um þetta í bók sinni (1925:1–10).
Sögnin beygist nú jafnan veikt: *hjálpa – hjálpaði – hjálpað*.
4. Bandstrik er notað til að aðgreina orðhluta, t.d. *hest-ur*, *-na-sagnir*, *Syðri-Hóll*.

Höfundar eru vinsamlegast beðnir að **skipta orðum ekki milli lína** í handritinu, hvorki með (föstu) bandstriki né með hverfulu striki (e. *optional hyphen*) með sérstakri skipun (Ctrl + -).

4. Framsetning efnis og kaflaskipting greina

Yfirskrift

Nafn höfundar og titill (og undirtitill ef því er að skipta) standi í upphafi (lokagerðar) handrits að grein eða flugu. Hið sama á við um rýnigreinar (e. *review articles*) en fremst í þeim þarf jafnframt að birta bókfræðilegar upplýsingar um verkið sem fjallað er um:

Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði*. Kennslubók handa framhaldsskólum. Fyrri hluti. Iðunn, Reykjavík. 133 bls.

Ritfregnir og umsagnir um bækur hafa aftur á móti ekki sérstakan titil og þær hefjast því á upplýsingum um ritið sem þær fjalla um. Ef tveimur eða fleiri ritfregnum um skyld rit er steyp saman má þó gefa þeim sameiginlega fyrirsögn. Þá eru upplýsingar um hvert rit framan við umfjöllun um það. Nafn þess sem skrifar ritfregn eða umsögn um verk kemur í lok hennar.

Kaflaskipting

Greinum skal skipt í kafla og eftir atvikum undirkafla eftir því sem hæfir efni þeirra. Markmið kaflaskiptingar er að greinarnar séu eins skipulegar, skýrar og læsilegar og unnt er. Hver kafli og og undirkafla á að hafa númer og heiti, sbr. eftirfarandi dæmi:

1. Inngangur

...

3. Beygingarsamræmi

3.1 Yfirlit

3.2 Persónusamræmi

3.3 Tölusamræmi

3.3.1 Tölusamræmi í sögnum

3.3.2 Tölusamræmi sagnfyllinga

3.4 Helstu niðurstöður

...

5. Lokaorð

Útdráttur og lykilorð

Heimildir

Númer kafla auðvelda allar tilvísanir úr einum kafla í annan auk þess að stuðla að skipulegri byggingu greinarinnar. Leturbreytingar í kaflafyrirsögnum eru eins og sýnt er í dæminu: **Feitt letur** í fyrirsögnum aðalkafla, *skáletur* í fyrirsögnum undirkafla undir aðalkafla (t.d. 1.1) en engin leturbreyting í heiti á undirköflum undirkafla (t.d. 1.1.2).

Miðað er við að allar greinar hefjist á **inngangi** þar sem viðfangsefnið er reifað, sagt hvernig á því verði tekið og jafnvel tæpt á meginniðurstöðum og að þeim ljúki með niðurlagskafla eða **lokaorðum** þar sem helstu niðurstöður eru rifjaðar upp fyrir lesandanum og gjarnan bent á frekari rannsóknarefni. Stundum getur líka verið æskilegt að draga niðurstöður saman í lok einstakra kafla (sbr. kafla 3.4 í dæminu hér á undan).

Fylgiefni

Aftan við greinar á íslensku er útdráttur á ensku en með greinum á öðrum málum er bæði útdráttur á ensku og íslensku. Útdráttur (eða útdrættir) skal fylgja greinum í handriti. Þá skulu fylgja 3–5 lykilorð á íslensku og ensku. Skrá yfir öll rit og aðrar heimildir sem vísað er til í greininni stendur aftast. (Sjá um frágang heimildaskrár í 11. kafla.) Loks þurfa að fylgja upplýsingar um höfund greinar eða annars efnis sem duga til að lesendur geti sett sig í samband við hann: nafn, (stofnun,) heimilisfang og tölvupóstfang.

5. Neðanmálgreinar

Ýmiss konar innskot, þakkir fyrir veitta aðstoð, óútskýrð vandamál og fleira sem rýfur eða truflar frásögn meginmáls eru höfð í neðanmálgreinum. Fjöldi þeirra skal stillt í hóf og bent er á að í þeim skulu aðeins vera efnislegar athugasemdir en hvorki hreinar tilvísanir né heimildir. (Sjá 10. og 11. kafla um frágang þeirra.) Þakkir fyrir veitta aðstoð o.þ.h. eru venjulega hafðar í fyrstu neðanmálgrein.

Neðanmálgreinar skulu tölusettar með samfelldri töluröð frá upphafi greinar til enda. Í meginmáli skal vísa til neðanmálgreina með viðeigandi tölustöfum ofan við línu og hægra megin

við greinarmerki ef því er að skipta. Ekki er hafður punktur á eftir númeri neðanmálsgreinar, hvorki í meginmáli né í neðanmálsgreininni sjálfri. (Um tölusetningu dæma í neðanmálsgreinum, sjá 6. kafla.)

6. Dæmi og frágangur þeirra

Dæmi eru veigamikill þáttur í mörgum málfræðigreinum. Eftirfarandi reglur gilda um frágang dæma í tímaritinu:

Máldæmi inni í meginmáli eru auðkennd með *skáletri* hvort sem um er að ræða orðasambönd, orð eða orðhluta. Sama máli gegnir um einstök hljóð sem táknuð eru með bókstöfum:

Sögnin *fulhnúast* er oftast notuð í orðasambandinu *fulhnúast með e-ð*.

Sagnir með viðskeytinu *-na* verða hér nefndar *-na*-sagnir. Þær [...] enda á *-aði* í 1.p.et.fh.þt.

Langflest orð sem hafa *a* í stofni taka *u*-hljóðvarpi í myndum með endingum sem hafa *u*, t.d. *-ur* í fleirtölu veikra kvenkynsnafnorða (*tala – tölur*).

Venjuleg **stafsetningartákn** eru afmörkuð með einföldum tilvitnunarkerkjum (sjá nánar í 9. kafla):

Hann skrifar *Elvar* með ‘v’ en ekki ‘f’.

Einnig má auðkenna rithátt, t.d. sérstök leturtákn eða ritmyndir úr handritum, með oddklofum eins og oft er gert í textafræði:

Möðruvallabók hefur hins vegar engin dæmi um þessa rithætti, heldur aðeins <ia> og <ie> (með eða án brodds).

Erlend máldæmi í meginmáli eru auðkennd með sama hætti og íslensk en íslensk þýðing þeirra eða merking er afmörkuð með einföldum tilvitnunarkerkjum:

Í greininni er fjallað um merkingu enska orðsins *cup* ‘bolli’.

Einföld tilvitnunarkerki eru líka notuð þegar sýnd er **merking íslenskra orða eða orða-sambanda**:

Þetta er orðið *grjúpan* ‘bjúga’.

Dæmi úr málum sem ekki nota latneska stafrófið (rússnesku, grísku, kínversku o. s. frv.) skal umrita með latneskum stöfum nema sérstök ástæða sé til annars:

Kínverska hefur margar samsettar eða „tvöfaldar“ sagnir sem oft er erfitt að þýða, t.d. *da-pao* (sem eiginlega þýðir ‘slá-hlaupa’) og *pao-lei* (eiginlega ‘hlaupa-þreyta’).

Heilar setningar sem teknar eru sem dæmi á kerfisbundinn hátt skulu að jafnaði afmarkaðar frá meginmáli með auðu línubili á undan þeim og eftir og merktar með arabískum tölum í svigum, (1), (2) o.s.frv. Þannig að hægt sé að vísa til þeirra á ótvíræðan hátt í meginmáli. Notuð er ein töluröð frá upphafi greinar til enda og tölurnar ekki inndregnar. Tengd dæmi má fella undir sama tölulíð og aðgreina þau með litlum bókstöfum (a, b, c ...) með punkti á eftir:

- (1) a. Jón kyssti Maríu í gær.
b. Kyssti Jón Maríu í gær?
- (2) a. hestur, hundur, bátur
b. lögur, köttur, björn

Venjuleg greinarmerkjasetning er notuð í dæmasetningum, t.d. punktur á eftir heilli málsgrein og spurningarkerki á eftir beinni spurningu, en ekki skal vera punktur á eftir dæmum sem ekki mynda heila málsgrein.

Afbrigðilegar og málfræðilega rangar setningar eða dæmi skal auðkenna með * á undan dæminu, vafasamar setningar eða dæmi með ? á undan:

- (3) a. Það hefur enginn sagt mér frá því að prentarinn er bilaður.

- b. ?Það hefur enginn sagt mér frá að prentarinn er bilaður.
- c. Ég get ekki skilað þessu vegna þess að prentarinn er bilaður.
- d. *Ég get ekki skilað þessu vegna að prentarinn er bilaður.

Þyki ástæða til frekari aðgreiningar á dæmum eftir því hversu eðlileg þau þykja má nota samsett merki (til dæmis (?), ??, ?*, ** o.s.frv.), en þá skal útskýra hvað átt er við með hverju tákni eða tákna sambandi fyrir sig. Þegar einhver hluti dæmis er valfrjáls má afmarka hann með svigum:

(4) Hann kom til (þess) að kveðja þig.

Þegar tveir möguleikar í einni og sömu setningunni eru bornir saman má aðgreina þá með skástriki (hér táknar stjarnan að síðari kosturinn er ótækur):

(5) Henni þótti/*þóttum við víst leiðinlegir.

Til þess að vekja **sérstaka athygli á einhverju tilteknu atriði** í dæmasetningum er notuð feitletrun:

(6) Henni **þótti** við víst leiðinlegir.

Einföld greinidæmi (t.d. hríslumyndir, afleiðslur ýmiss konar o.fl.) svo og málfræðireglur, stuttar skilgreiningar og fleira skal tölusetja eins og önnur dæmi þannig að hægt sé að vísa til þeirra á ótvíræðan hátt í meginmáli. Einnig má tölusetja langar dæmaupptalningar og þá eru dæmin ekki skáletruð:

- (7) blána, dofna, fölna, grána, gulna, roðna, þiðna
- (8) a. -ga: auðga, fjölga, göfga
b. -ka: aumka, blíðka, dýpka
- (9) a→ð/_C₀u
- (10) Allar tókusagnir fara í fjórða flokk veikra sagna.

Setningar úr **erlendum málum** sem ætla má að séu flestum lesendum framandi skal bæði glósa orð fyrir orð og þýða á eðlilegt mál, sbr. eftirfarandi dæmi úr jiddísku:

- (12) Ikh veys nit vemen zi hot gezen zuntik.
ég veit ekki hvern hún hefur séð sunnudag
'Ég veit ekki hvern hún sá á sunnudaginn.'

Höfundar eru beðnir um að gæta þess að erlendu orðin og glósur þeirra standist á eins og þarna er sýnt og er því best að dálksetja dæmi af þessu tagi (nema þýðinguna). Ef þörf krefur má hafa upplýsingar um málfræðilegar formdeildir, t.d. tíð, í setningadæmum og skulu þær þá vera í svigum fast við viðeigandi orð (í íslenskum dæmum) eða glósu:

- (13) Jón kyssti(þt.) Maríu í gær.
- (14) Ikh veys nit vemen zi hot gezen zuntik.
ég veit(nt.) ekki hvern hún hefur(nt.) séð sunnudag
'Ég veit ekki hvern hún sá á sunnudaginn.'

Í neðanmálgreinum skal tölusetja dæmasetningar og slíkt með (i), (ii) ... en ekki með (1), (2) ... eins og í meginmáli til að forðast rugling þegar vísað er til dæmasetninga. Öfugt við meginmálið, þar sem tölusetning nær til greinarinnar í heild, skal tölusetja dæmin í hverri einstakri neðanmálgrein sérstaklega.

Númerasetningu dæma (og annars efnis) er einkum ætlað að auðvelda tilvísun til þeirra í meginmáli. Til þeirra er vísað á þennan hátt: (1), (1a), (3a–d) o.s.frv.:

Nafnorðin í (2a) fá fleirtöluendinguna -ar en dæmin í (2b) endinguna -ir.

Þar sem hver neðanmálsgrein er sér um tölusetningu þarf bæði að vísa til númeris hennar og númeris dæmis í henni ef þörf krefur, t.d. „sjá dæmi (ii) í nmgr. 3“.

Listar með punktum (e. *bullets*) eða sambærilegum táknum skulu að jafnaði ekki notaðir til að sýna dæmi, efnisatriði eða aðrar upptalningar í greinum þar sem þá er erfitt að vísa til einstakra liða á óyggjandi hátt.

7. Myndir, töflur og gröf

Einfaldar töflur má hafa á sínum stað í handritinu en flóknari töflur, myndir eða gröf er betra að skila á sérstökum fylgisíðum. Þá er mikilvægt að merkja fyrir hverri töflu/mynd/grafi í handritinu, t.d. „[Tafla 1 hér]“ og sýna má æskilega staðsetningu töflu- og myndefnis nánar í meðfylgjandi pdf-skjali. Ekki er víst að hægt sé að koma slíku efni fyrir á nákvæmlega þeim stað í umbroti sem gert er ráð fyrir í handriti og því er mikilvægt að vísa í töflur og myndir með númeri (t.d. „í *töflu 1*“, „á *mynd 2*“) í meginmáli en ekki með orðalagi eins og „hér fyrir ofan“ eða „á næstu síðu“.

Hvers kyns myndefni þarf að vera í nægilega góðri upplausn til að það prentist vel og mikilvægt er að gengið sé frá öllu slíku efni í grátóna formi þannig að það verði skýrt í prentun í svart-hvítu.

Númer á töflu eða mynd ásamt skýringartexta á að vera skáletrað og standa fyrir neðan töfluna/myndina. Á undan myndefni og á undan og eftir skýringartexta skal vera línubil eins og hér er sýnt:

Þetta er sýnt í *töflu 1*:

	einhljóð	tvíhljóð
Vestfirðir	37%	63%
Skagafjörður	1%	99%
Snæfellsnes	2%	98%

Tafla 1: Útbreiðsla einhljóðaframburðar á meðal elstu málhafa í þremur landshlutum.

Eins og sjá má af þessum niðurstöðum ...

Tölulegar upplýsingar skulu ekki vera í meginmáli nema þær séu mjög einfaldar og að jafnaði er skýrara að setja þær fram í töflu (eða e.k. grafi eða línuriti). Töflur og myndir mega ekki vera stærri eða flóknari en svo að auðvelt sé að koma þeim fyrir á prentaðri síðu. Töflur þarf að dálksetja (þ.e.a.s. **ekki skal hafa nein auð stafabil** í töflum) og í handriti er best að hafa **sem minnst af línunum** í töflum því þær vilja fara úr skorðum í umbroti. Ef nauðsyn krefur má sýna æskilegt útlit töflu (með línunum o.s.frv.) í meðfylgjandi pdf-skjali.

8. Leturbreytingar

Höfundar eru vinsamlegast beðnir að fara eftir reglum tímaritsins um leturbreytingar og gæta samræmis í þeim.

Skáletur er einkum notað í sex tilvikum:

1. Í máldæmum í meginmáli, þ.e.a.s. þeim sem ekki eru tölusett.
2. Til að auðkenna heiti tímarita og bóka, bæði í heimildaskrá og meginmáli:
Nýlega birtist ritdómur um *Stafsetningarorðabókina* í tímaritinu *Íslenskt mál*.
Sé hins vegar um að ræða heiti á bókmenntaverki eða handriti skal ekki breyta lettri:
Völuspá, Möðruvallabók, AM 468 4to.
3. Í fyrirsögnum (bæði númerum og heitum) undirkafla sem eru beint undir aðalkafla (t.d. *2.2 Leturbreytingar*).

4. Í töflu- og myndaheitum (*tafla 1, Mynd 3, línurit 2 o.s.frv.*), bæði í meginmáli og skýringartextum með myndum og töflum.
5. Í erlendum orðum sem koma fyrir inni í meginmáli eða sem þýðingar á hugtökum (í sviga ásamt skammstöfun fyrir viðkomandi mál):
 - Orð af þessu tagi eru stundum kölluð *faux amis*. Þess háttar orð má kalla **falsvini** á íslensku (f. *faux amis*).
 - Hér er það merkingarhlutverkið (e. *semantic role*) sem skiptir máli.
 - Þetta hefur líka verið kallað **verknaðargerð** á íslensku (þ. *Aktionsart*).
6. Til að auðkenna breytur og önnur álíka sértákn:
 - Breytan x getur haft þrjú gildi: 0, 1 og 2.

Ekki er haft skáletur í skammstöfunum málfræðihugtaka, svo sem þt., et., NL, so.

Feitt letur er fyrst og fremst notað sem hér segir:

1. Til að vekja athygli á fræðilegu hugtaki þegar það er nefnt í fyrsta skipti:
 - Þetta hefur verið nefnt **framvinduhorf** á íslensku.
2. Til að vekja athygli á tilteknu atriði í dæmasetningu:
 - Þeir** hittu okkur **fullir** niðri í bæ.
3. Í fyrrisögnum (bæði númerum og heitum) aðalkafla.
4. Til áherslu (þessari notkun skal þó stillt í hóf):
 - Þessi orðmynd kemur **aldrei** fyrir í elstu handritum.

HÁSTEFLINGAR (e. *small caps*) eru stundum notaðir þegar þörf þykir á frekari leturbreytingum en þeim sem hér hefur verið lýst.

9. Notkun tilvitnunarkerkja (gæsalappa) og ýmissa sértákna

Höfundar eru vinsamlegast beðnir að fara eftir reglum tímaritsins um notkun tilvitnunarkerkja og annarra tákna og gæta samræmis í meðferð þeirra.

Einföld tilvitnunarkerki (einfaldar gæsalappir sem líkjast tölunum 6 og 9) eru notaðar í þremur tilvikum:

1. Til að afmarka merkingu máldæma, bæði erlendra og íslenskra:
 - Þetta er orðið *grjúpán* 'bjúga'
 - Orðið *ox* 'uxi' hefur líka óreglulega fleirtölu.
2. Til að afmarka merkingu hugtaka:
 - Þetta eru svokölluð **neikvæðniorð**, en það merkir eiginlega 'orð sem eru aðeins notuð í neikvæðu samhengi', sbr. *neinn*.
3. Til að afmarka hrein leturtákn:
 - Sum orð eru ýmist skrifuð með 'í' eða 'ý', til dæmis *ítarlegur/ýtarlegur*.

Tvöföld tilvitnunarkerki (venjulegar gæsalappir) eru fyrst og fremst notuð til að afmarka orðréttar tilvitnanir í meginmáli:

Á bls. 7 segir m.a. að bókinni sé ætlað að „gefa yfirlit yfir helstu hljóðbreytingar“.

Séu orðréttar tilvitnanir lengri en u.þ.b. 25 orð fer yfirleitt betur á því að afmarka þær með inndrætti (sjá nánar síðar í kaflanum).

Í greinum sem ritaðar eru á íslensku skulu fremri gæsalappir vera niðri (,) og þær aftari uppi (") og þær eiga að snúa þannig: „...“. Í greinum sem ritaðar eru á öðrum málum skulu tilvitnunarkerki vera eins og tíðkast í viðkomandi máli. Athugið að greinarmerki eins og punktar, kommur og spurningarkerki koma utan tilvitnunarkerkja nema þau séu nauðsynlegur hluti af tilvitnuninni sjálfri. Þetta sést í dæminu að ofan þar sem punkturinn kemur á eftir síðari gæsalöppunum.

Venjulegar tvöfaldar gæsalappir eru líka stundum hafðar utan um orð sem eru notuð í óvenjulegri eða óeiginlegri merkingu en slíkri notkun skal stillt í hóf:

Í tímaritinu eru notaðar „íslenskar“ gæsalappir eins og þær eru stundum kallaðar þótt þær séu í sjálfu sér ekki íslenskar að uppruna.

Hornklofar eru einkum notaðir á tvennan hátt:

1. Utan um hljóðrituð dæmi (hljóðritunin á að fara sem næst alþjóðlega hljóðritunarkerfinu IPA nema sérstakar ástæður kalli á annað):
... t.d. **harðmæli** og **raddaður framburður**: *bátur* [pau:tʰʏr], *úlpa* [ulpʰa].
2. Til að tákna innskot eða úrfellingar, t.d. í tilvitnunum sem eru orðréttar að öðru leyti:
„enda eru þau [þ.e. dróttkvæðin] heldur efnislítill í sjálfu sér“ segir hann orðrétt.
Í tímaritinu eru notaðar „íslenskar“ gæsalappir [...] þótt þær séu í sjálfu sér ekki íslenskar að uppruna.

Þetta á einnig við um viðbótarupplýsingar í heimildaskrá.

Skástrik eru notuð á tvennan hátt:

1. Til að sýna að um sé að ræða hljóðkerfislega (fónemíska) ritun eða hljóðkerfislegar einingar:
Í óródduðum framburði eru /l,m,n/ óródduð á undan /p,t,k/.
2. Til að afmarka tvo eða fleiri kosti í dæmasetningum:
Mér leiðist/leiðast vísindaskáldsögur.

Tvíkross (myllumerki) er notaður til að afmarka orðhluta eða hljóðbeygingarlegar (morfófónemískar) einingar (baklæggar gerðir):

Við getum því sagt að þátíðarmerkið #-ð-# komi fram á þrjá mismunandi vegu eftir því hvert samhengið er.

Stjarna er notuð á tvennan hátt:

1. Til að auðkenna málfræðilega rangar eða ótækar setningar eða dæmi:
*Hann hefur aldrei verið talaður við síðan.
2. Til að sýna að um sé að ræða endurgert dæmi sem ekki kemur fyrir í heimildum:
... t.d. sterk kvenkynsorð þar sem áður var -u í stofni, t.d. *gjöf* < **gebu*.

Oddklofar eru einkum notaðir á þrennan hátt:

1. Til að lýsa sögulegri þróun þar sem < merkir ‘komið af, leitt af’ og > merkir ‘verður/varð að, breyttist í’ eins og hér er sýnt:
gjöf < **gebu* (merkir: ‘*gjöf* er leitt af **gebu*’)
gebu* > *gjöf* (merkir: ‘gebu* breyttist í *gjöf*’)
2. Til að afmarka rithátt, einkum (óvenjuleg) leturtákn:
Þessi skrifari notar oft <ę> án brodds til að tákna /æ/.
3. Til að afmarka vefslóðir í heimildaskrá eða neðanmálgreinum.

Svigar eru einkum notaðir:

1. Utan um númer máldæma:
(1) a. Jón kyssti Maríu í gær.
2. Utan um tilvísanir til heimilda:
Kjartan G. Ottósson (1989:93) hefur bent á þetta.
3. Til að afmarka valfrjálsar einingar í máldæmum:
(4) Hann kom til (þess) að kveðja þig.

Gervitákn svokölluð má nota í handriti þegar bókstafir, leturtákn eða hljóðritunartákn sem eiga að vera í grein eru ekki tiltæk eða ef hættu gæti verið á að þau fari forgörðum í flutningi úr ritvinnsluskjali yfir í umbrotsforrit. Mælt er með að nota dollaramerki og tölustaf sem slík gervitákn, þ.e. \$1, \$2, \$3 o.s.frv. því lítill hættu er á að þau ruglist við önnur tákn í skjalinu. Gervitáknin eru sett inn fyrir viðeigandi leturtákn í tölvuskjalinu og mikilvægt er að handritinu

fylgi skrá sem sýnir greinilega fyrir hvað hvert gervitákn stendur. Þeim er þá skipt út fyrir rétt tákni í umbroti, t.d.:

Kuri\$lowicz (1945–1949) gerði fyrstur manna tilraun til að flokka þetta.

Þessi skrifari notar leturtáknið <\$2> fyrir /æ/.

Sumir bera orðið *banki* fram sem [pau\$3cɪ] en aðrir [pau\$4c^hɪ].

Ef þessi gervitákn væru öll í sömu greininni myndi fylgja skrá þar sem rétt leturtákn væri sýnt, gjarna með útskýringu í orðum á því hvað átt er við. Ef þörf krefur er hægt er að handskrifa táknið inn í skrána, skanna hana og senda sem rafrænt fylgiskjal með handritinu:

\$1 = l (gegnumstrikad l)

\$2 = ę (lykkju-e)

\$3 = j̇ (óraddað framgómmælt nefhljóð)

\$4 = j̇ ((framgómmælt nefhljóð, raddað)

Með vaxandi stöðlun leturtákna og notkun fonta sem eru samhæfðir UNICODE verður sífellt minni þörf á því að nota slík gervitákn. Í vafatilvikum er rétt að hafa samband við ritstjóra áður en lokagerð handrits er skilað.

Inndráttur er einkum notaður:

1. Til að afmarka nýja efnisgrein. Fyrsta efnisgrein hvers kafla og undirkafla skal þó ekki vera inndregin.
2. Til að afmarka langar beinar tilvitnanir og þá er haft línubil á undan og eftir. Athugið að í slíkum tilvikum er tilvitnunin ekki auðkennd með gæsalöppum að auki:

... eins og fram kemur í eftirfarandi tilvitnun (Höskuldur Þráinsson 1979:180):

Such pronouns normally have a “meaning” of their own in the sense that they refer to something which has usually been mentioned earlier in the sentence (regular anaphoric það), earlier in the discourse (discourse anaphoric það), or else the referent is clear from the situation or pragmatic context [...] This is well known and need not be illustrated here.

Síðar í sama kafla segir Höskuldur ...

Svonefndur **hangandi inndráttur** er notaður í heimildaskrá (sjá 11. kafla).

10. Tilvísanir

Þrjár meginreglur gilda um tilvísanir í heimildir:

1. Allar heimildir sem vísað er til í grein eða öðru efni verður að telja í heimildaskrá. Að jafnaði skal ekki telja nein rit í heimildaskrá nema til þeirra sé vísað en í einstaka tilvikum kemur þó til greina að tilfæra rit þótt ekki sé beinlínis vísað til þess á tilteknum stað í grein, en þá skal geta þess með einhverjum hætti, t.d. í neðanmálsgrein, að stuðst hafi verið við ritið eða það hafi verið einhvers konar fyrirmynd.
2. Samræmi þarf að vera milli tilvísunar í heimild og framsetningar hennar í heimildaskrá svo lesendur eigi auðvelt með að rekja tilvísunina. Sé t.d. vísað til heimildar með skammstöfun, t.d. FMR fyrir Fyrstu málfræðiritgerðina, þarf skammstöfunin að standa fremst í færslunni í heimildaskránni:

Tilvísun: Eins og fram kemur í Fyrstu málfræðiritgerðinni (FMR:206) ...

Heim.skrá: FMR = *The First Grammatical Treatise* [‘Fyrsta málfræðiritgerðin’] ...

3. Best er að tilvísanir séu sem nákvæmastar, þ.e. að vísað sé á tiltekinn stað í heimild (tilteknar blaðsíður) þegar þess er kostur en ekki bara til ritsins í heild.

Tilvísanir í rit nafngreindra höfunda:

Tilvísanir í heimildir eru auðkenndar með nafni höfundar ritsins ásamt útgáfuári og blaðsíðutali þar sem við á. Útgáfuár og blaðsíðutal kemur jafnan innan sviga og nafn höfundar einnig nema það sé hluti af meginmáli:

Svo virðist sem beyging hreinna *a*-stofna hafi lítið breyst frá forn máli til nútímamáls (sjá t.d. Björn K. Þórólfsson 1925:1–10).

Orðaröð í aukasetningum virðist vera frjálsari í íslensku en flestum öðrum germönskum málum (sbr. Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson 1990).

Baldur Jónsson (1970) nefnir líka tengsl fylloorðsins *offum* við horfin forskeyti.

Wasow (1977a:389–391) gagnrýnir Brame fyrir þetta.

Að jafnaði skal vísa til íslenskra höfunda með fullu nafni (í viðeigandi falli á eftir *sjá, hjá* o.þ.h.) en til erlendra höfunda með eftirnafninu einu. Þegar vísað er í einu lagi til fleiri en eins verks eftir sama höfund er ekki settur svigi um hvert ártal:

Wasow (1977a, 1977b) hefur bent á ...

Þetta virðist hæpið (sbr. Wasow 1977a:378, 1977b:340).

Þegar vísað er til margra höfunda innan sömu sviga eru tilvísanir til mismunandi höfunda aðgreindar með semikommu:

Um þetta atriði er víða fjallað (sjá t.d. Wasow 1977a, 1977b; Höskuld Þráinsson

1979; Kjartan G. Ottósson 1989; Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson 1990).

Tilvísanir í rit ótilgreindra höfunda:

Vísað er í rit ótilgreindra höfunda með titli verksins eða skammstöfun hans. Útgáfuár er ekki tiltekið nema þörf sé á að aðgreina ólíkar útgáfur (t.d. „Sturl 1940“ og „Sturl 1988“):

Þetta sést m.a. í eftirfarandi dæmi: „ok réð þar hvárrgi á annan“ (Ljósv:3).

Dæmið er tekið úr Sturlungu (Sturl:35,7).

Í síðara dæminu táknar seinni talan númer línu. Séu bæði bindi Sturlungu notuð verður að gera greinarmun á þeim, t.d. „(Sturl 1:35)“ og „(Sturl 2:35)“.

Tilvísanir í handrit:

Þegar vísað er til blaða í handritum er farið að viðteknum venjum um tilvísanir í númer handrits, síðustærð, síður, dálka og jafnvel línur:

... er ágætt dæmi um þetta (Sthm. Perg. 15 4to:19v).

Í þessu handriti kemur orðið aðeins einu sinni fyrir (AM 469 4to:12r5).

Í síðara dæminu vísar síðasta númerið til línu (á síðu 12 í hægri dálki).

Meira um tölur og númer:

Að öðru leyti en því sem rakið er hér á undan gildir að tölur í tilvísunum sem ekki eru skýrðar sérstaklega standa einungis fyrir ártöl og blaðsíðutöl. Aðrar tölur verður því að útskýra með orðum eða táknum, t.d. svo:

(1913, dálkur 183), (1867, §253), (1979, 4. kafli)

Sé þess kostur skal nota blaðsíðutal í tilvísunum fremur en t.d. númer greinar eða dálks.

Tilvísanir til vefheimilda:

Þeim heimildum sem einungis eru birtar rafrænt fer fjölgandi og þær eru afar ólíkar innbyrðis. Sumar þeirra eru **bækur, blöð og tímarit sem gefin eru út rafrænt** í mjög sambærilegu formi og prentuð verk (oftast í pdf-formi um þessar mundir), stundum eingöngu í því formi og stundum samhliða prentútgáfu. Um tilvísanir til slíkra heimilda gildir í raun hið sama og um samsvarandi prentverk því þær hafa yfirleitt ákveðinn titil, höfund, útgefanda, útgáfudag og birtast sem númeraðar síður.

Ýmiss konar **uppflettirit, orðabækur, orðasöfn og leiðbeiningarit** eru nú eingöngu gefin út á vef eða birt þar en í sumum tilvikum er einnig til prentútgáfa af sama verki. Slík verk eru yfirleitt birt á eigin vef (t.d. ISLEX-orðabækurnar) eða í gegnum vefgátt (t.d. snara.is og málið.is) og eru leitarbær þannig að efnið birtist ekki sem venjulegar (númeraðar) síður heldur einungis vefsíða með niðurstöðum leitarinnar. Slík verk eiga sér nafn sem birtist á forsíðu og/eða í haus

vefsins (þ.e. titill verksins) og þar eða annars staðar á vef verksins kemur yfirleitt líka fram hver útgefandinn er (oftast stofnun eða fyrirtæki). Tilvísun til slíkra verka er því nafn þess og eftir atvikum leitar- eða uppflettiorðið en aldrei blaðsíðutal.

Svipuðu máli gegnir um ýmiss konar **gagnasöfn** sem aðgengileg eru á vefnum, t.d. textasöfn og málheildir. Þau hafa alla jafna opinbert heiti sem nota má til að vísa til þeirra (t.d. Risamálheildin og Íslenskt textasafn) og ef þörf krefur má einnig vísa til leitarorðs, t.d. ef það er ekki ljóst af samhenginu.

Um vefheimildir almennt gildir þetta:

1. Vísa skal til heitis verksins (titils) og forðast að vísa beint í vefslóð, hún á heima í heimildaskránni.
2. Vefslóðir fara illa í meginmáli. Ef ekki nægir að birta þær í heimildaskrá er betra að hafa þær neðanmáls, gjarnan með skýringu eða lýsingu á verkinu.

Orðréttar tilvitnanir, innskot og brottfellingar:

Orðréttar tilvitnanir skulu vera stafréttar og öllum leturbreytingum og öðru þess háttar haldið nákvæmlega til haga. Þegar eitthvað er fellt niður úr orðréttari tilvitnun skal það gefið til kynna með þrem punktum innan hornklofa („[...]“). Sé einhverju skotið inn í orðréttu tilvitnun er það afmarkað með hornklofum.

Höfundar greina bera alla ábyrgð á því að rétt sé með farið í tilvitnunum.

Afmörkun beinna tilvitnana:

1. Stuttar tilvitnanir inni í meginmáli eru auðkenndar með tvöföldum gæsalöppum og tilvísunin alla jafna höfð í sviga á eftir henni en stundum á undan ef textanum er hagað þannig.
2. Lengri tilvitnanir eru inndregnar með auðri línu á undan og eftir. Tilvísun í heimild er þá annaðhvort í textanum á undan tilvitnuninni eða í lok hennar sjálfrar. Þá er hún höfð á undan punktinum sem afmarkar tilvitnunina:

Such pronouns normally have a “meaning” of their own [...] This is well known and need not be illustrated here (Höskuldur Þráinsson 1979:180).

3. Ef nauðsynlegt er að vísa til beinnar tilvitnunar í umfjölluninni má gefa henni númer eins og öðru efni sem vísa þarf til í meginmáli, s.s. dæma, og er þá númerið sjálft ekki inndregið:

(2) Such pronouns normally have a “meaning” of their own ...

11. Heimildir og frágangur heimildaskrár

Skrá um þær heimildir sem vísað er til þarf að fylgja öllu efni. Meginreglan er sú að fullt samræmi skuli vera á milli tilvísunar í meginmáli og (upphafs) heimildarfærslu. Þar sem vísað er til heimildar með fullu nafni (íslensks) höfundar stendur það fremst í færslunni en til erlends höfundar með ættarnafni sem þá kemur fremst, á undan skírarnafni hans. Ef tilvísun er til titils verks stendur hann í upphafi heimildarfærslu og ef notast er við skammstöfun eða styttingu titils (eða höfundar) kemur hún fyrst með jafnaðarmerki á eftir (=) og síðan sjálf heimildarfærslan.

Heimildum í skránni er raðað í stafrófsröð eftir nöfnum höfunda, titlum verka, skammstöfunum og styttingum. Séu höfundar fleiri en einn eru þeir tilfærðir í þeirri röð sem er í heimildinni sjálfri (sjá titilsíðu bókar eða yfirskrift greinar). Athugið að ættarnafn erlendra höfunda kemur **ekki** á undan skírarnafni nema í nafni eina eða fyrsta höfundar rits. Ef um fleiri höfunda er að ræða eru nöfn hinna höfundanna í venjulegri röð, þ.e.a.s. skírarnafn á undan ættarnafni. Í greinum sem skrifaðar eru á íslensku skal nota íslenska stafrófsröð (*a* á undan *á*

o.s.frv.) og miða röðun við skírnamafn íslenskra höfunda en raða erlendum höfundum eftir seinna nafni (ættarnafni).

Almennar ábendingar

Hafður er **hangandi inndráttur** í heimildaskrá, þ.e. hver færsla er inndregin frá og með annarri línu.

Um meðferð **rómverskra talna** gilda eftirfarandi reglur:

1. Í stað rómverskra talna í ártölum (t.d. útgáfuári) eru notaðar arabískar tölur.
2. Í stað rómverskra talna í bindisnúmerum tímarita eða ritraða þar sem bindi verða mörg (sbr. *Arkiv för nordisk filologi* eða *Íslenzk fornrit*) eru notaðar arabískar tölur.
3. Ástæðulaust er að breyta rómverskum tölum í arabískar þegar um er að ræða rit í fáeinum bindum, t.d. færri en tíu.

Gæta þarf samræmis í því hvað er haft **stafrétt** í heimildaskrá (þ.e. eins og á titilsíðu bókar eða tímarits sem vísað er til) og hvað ekki. Venja er að taka eftirfarandi stafrétt upp: Nöfn höfunda, titla greina, bóka, tímarita og annarra verka og heiti útgefenda (útgáfufélaga og forlaga, sbr. nöfn eins og „Hið íslenzka bókmentafélag“ og „Fjelagsprentsmiðjan“).

Aftur á móti er **ekki** ástæða til að taka eftirfarandi upp stafrétt:

1. Upplýsingar um útgáfu (t.d. má skrifa „5. útg. óbreytt“ þótt viðkomandi rit sé á erlendu máli og hafi erlendan titil).
2. Nafn á útgáfustað. Nafn á bæ eða borg getur haft ólíkt form í málum og eðlilegast er að nöfnin séu sama máli og greinin, t.d. „Kaupmannahöfn“ í heimildaskrá með grein á íslensku eða „Copenhagen“ í grein á ensku þótt á titilblaði verksins standi „København“ eða „Hafniæ“.

Þegar **um tvo eða fleiri höfunda** er að ræða er haft *og* á undan nafni seinni/síðasta höfundarins (eða samsvarandi orð í því máli sem greinin er skrifuð á) án tillits til þess sem stendur á titilblað: Holmberg, Anders, og Christer Platzack ...

Viðbótarupplýsingar, t.d. ýmsar skýringar eða upplýsingar um endurútgáfur, má hafa innan hornklofa, þ. á m. þegar bindisnúmer vantar á ákveðin hefti í tiltekinni ritröð (oftast fyrsta bindi):
Baldur Jónsson. 1970. Reconstructing Verbal Compounds on the Basis of Syntax. Hreinn Benediktsson (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* [1] ...

Skáletur er notað í heitum tímarita og bóka, þ. á m. fjölrítaðra ráðstefnurita og tímarita (t.d. *Working Papers in Scandinavian Syntax*). Hins vegar er **ekki** venja að breyta lettri í heitum rita sem ekki er dreift opinberlega, t.d. óprentaðra prófritgerða sem höfundar hafa fjölrítað og dreift sjálfir. Ef ritgerð er aðgengileg á netinu má þó líta á það sem opinbera birtingu og skáletra heiti hennar.

Skáletur er ekki notað í undirtitlum eða viðaukaheitum á borð við „Kennslubók handa framhaldsskólum“.

Heiti ritraðar og númer bókar í henni fer á eftir heiti bókarinnar og blaðsíðutali, t.d.:

Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. On Icelandic Word Order once More. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 3–40. Syntax and Semantics 24. Academic Press, San Diego.

Ljósv = *Ljósvetninga saga*. Íslenzk fornrit 10. Björn Sigfússon gaf út. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík, 1940.

Einkum er þörf á að geta um ritröð þegar rit hefur verið gefið út í mörgum mismunandi útgáfum, t.d. fornsögur, eða ef ritröð er vel þekkt. Heiti ritraðar er **ekki** skáletrað.

Tvö eða fleiri rit eftir sama höfund og frá sama útgáfuári eru aðgreind með a, b ... (fast við útgáfuár) í heimildaskrá.

Skammstöfun heimildar, sem notuð er í tilvísunum til hennar, stendur fremst í viðkomandi færslu í heimildaskrá og ræður hún röðun hennar í stafrófsröð. Síðan kemur jafnaðarmerki (=) og síðan fullar upplýsingar um ritið, t.d.:

ÍO = *Íslensk orðabók*. Ritstjóri Mördur Árnason. Edda, Reykjavík, 2002.

Heimildir eftir nafngreinda höfunda eru því aðeins skammstafaðar að mjög oft sé vísað til þeirra.

Ef um margar skammstafanir er að ræða má hafa þær í sérstakri skammstafanaskrá á undan sjálfri heimildaskránni.

Að jafnaði skal forðast **millivísanir** í heimildaskrá nema rík ástæða sé til, t.d. ef höfundarverk er bæði tilgreint undir skammstöfun og nafni höfundar (t.d. millivísun frá ER&HP í aðalfærslu undir nöfnum, Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson ...).

Ábendingar sem varða einstakar tegundir heimilda

Notkun greinarmerkja, röð upplýsinga og ýmis önnur frágangsatríði í heimildaskrá eru svolítið mismunandi eftir því hvers konar heimild er um að ræða. Gerð er grein fyrir helstu flokkum hér á eftir með dæmum til skýringar.

Greinar í tímaritum:

Á eftir nafni höfundar kemur ártal (útgáfuár tímaritsheftis), þá heiti greinar, heiti tímarits, árgangur, tvípunktur fast við árgang og blaðsíðutal greinar fast við tvípunkt. **Ekki** er getið um útgefanda tímarits.

Andrews, Avery. 1971. Case Agreement of Predicate Modifiers in Ancient Greek. *Linguistic Inquiry* 2:127–151.

Greinar í bókum (greinasöfnum):

Á eftir höfundarnafni eða -nöfnum kemur útgáfuár bókar, þá heiti greinar, nafn eða nöfn ritstjóra og auðkennið „ritstj.“ innan sviga; síðan tvípunktur fast við síðari sviga, þá heiti bókar, síðan vísun í blaðsíðutal með „bls.“ og svo blaðsíðunúmerin. Á eftir því má tilgreina ritröð og númer í henni ef vill. Loks kemur svo heiti útgefanda og útgáfustaður:

Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. On Icelandic Word Order once More. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 3–40. Syntax and Semantics 24. Academic Press, San Diego.

Nöfn erlendra ritstjóra koma í venjulegri röð, þ.e. ættarnafn er ekki haft á undan skírnarnafni.

Bækur eftir nafngreinda höfunda:

Höfundur eða ritstjóri, útgáfuár, bókarheiti, upplýsingar um útgáfu (t.d. ritröð ef um það er að ræða), útgefandi, útgáfustaður. Ekki er þó nauðsynlegt að geta um útgefendur mjög gamalla rita nema um fleiri en eina útgáfu hafi verið að ræða. Ættarnafn erlends höfundar kemur aðeins á undan skírnarnafni þegar hann er eini, fyrri eða fyrsti höfundur. Greinasöfnum er raðað á nafn ritstjóra með skammstöfuninni „(ritstj.)“ á eftir.

Heusler, Andreas. 1962. *Altisländisches Elementarbuch*. 5. útg. óbreytt. Carl Winter Universitätsverlag, Heidelberg.

Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.

Þórhallur Eypórsson (ritstj.). 2008. *Grammatical Change and Linguistic Theory*. The Rosendal papers. John Benjamins, Amsterdam.

Óútgefnaðar bækur, námsritgerðir og óbirtar greinar:

Höfundur, ár, titill (ekki skáletraður) og loks upplýsingar um hvers konar ritsmíð er um að ræða og hvar hún var skrifuð eða lögð fram. Betra er að vísa til óútgefins handrits með ártali sem vísar til þess hvenær gengið var frá því en með tilvísunum eins og „væntanl.“, „í prentun“ o.s.frv. Slíkum upplýsingum má koma á framfæri innan hornklofa ef ástæða þykir til.

- Helgi Bernóðsson. 1982. Ópersónulegar setningar. Kandiðatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigurður Konráðsson. 1982. Málmörk og blendingssvæði: Nokkur atriði um harðmæli og linnmæli. Ritgerð í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.

Heimildir sem ekki eru tilfærðar undir höfundarnafni:

Skammstöfun, ef hún er notuð í meginmáli, og þá jafnaðarmerki á eftir. Heiti verks, útgefandi eða ritstjóri og loks forlag og útgáfustaður. Útgáfuár kemur síðast í upplýsingaröðinni en getur (líka) verið hluti styttingar, t.d. ef vísað er í fleiri en eina útgáfu af viðkomandi riti: „Sturl 1940“ og „Sturl 1988“ eða „ÍO 1963“ og „ÍO 2002“.

FMR = *The First Grammatical Treatise* [‘Fyrsta málfræðiritgerðin’]. Útgefandi Hreinn Benediktsson.

Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1972.

ÍO = *Íslensk orðabók*. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda, Reykjavík, 2002.

Lbs 220 8vo. Handrit á Landsbókasafni Íslands. [Uppskrift úr orðasafni eftir Hallgrím Scheving.]

Sturlunga saga 1. Örnólfur Thorsson bjó til prentunar. Svart á hvítu, Reykjavík, 1988.

Orðabókum er yfirleitt raðað eftir heiti verksins (eða skammstöfun þess) nema um sé að ræða höfundarverk samkvæmt titilsíðu:

Dönsk-íslensk orðabók. Ritstjórar Hrefna Arnalds, Ingibjörg Jóhannesen og Halldóra Jónsdóttir.

Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík, 1992.

Jón Hilmar Jónsson. 2001. *Orðastaður*. Orðabók um íslenska málnotkun. 2. útg. aukin og endurskoðuð. JPV útgáfa, Reykjavík.

Vefheimildir:

Skráning vefheimilda lýtur í aðalatriðum sömu reglum og skráning annarra heimilda. Auk höfundar (ef hann er tilgreindur), heitis verksins og útgefanda (t.d. stofnunar sem hýsir vefinn og heldur honum við) skal fylgja vefslóð innan oddklofa og dagsetning notkunar. Athugið að vefslóð á **ekki** að vera undirstrikuð.

Vefheimildir geta verið hverfular — þær geta breyst, flust á nýja vefslóð eða jafnvel horfið — og það er því mikilvægt að dagsetning fylgi:

Ari Páll Kristinsson. [Án ártals.] Athugum málið! Ábendingar um íslenskt mál og málfar. *Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. <https://www.arnastofnun.is/page/athugum_malid>. [Sótt 18.02.2008.]

MÍM = *Mörkuð íslensk málheild*. Ritstjóri Sigrún Helgadóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <<https://malheildir.arnastofnun.is/>>. [Sótt 23.1.2019.]

Mörgum vefsíðum og rafrænum gagnasöfnum fylgja upplýsingar um það hvernig vísað er til viðkomandi vefsvæðis og skal þá taka mið af því. Það fer í vöxt að heimildum á vefnum, t.d. greinum í alþjóðlegum tímaritum og ritgerðum í Skemmunni, séu gefnar fastar slóðir (e. *permalinks*, *permanent links*) sem flytjast með verkinu ef það fer á nýjan stað. Ef um slíkt er að ræða skal vísað til þeirrar slóðar fremur en slóðarinnar sem birtist í vafranum.

Þessar kröfur um skráningu vefheimilda eiga einkum við um það þegar vísað er í fræðilegan texta. Þegar vísað er til veftexta til að sýna dæmi um málnotkun almennings eða talningu á fjölda niðurstaðna í leitarvélum eru ekki gerðar sömu kröfur um rekjanleika heimildanna.

Í eftirfarandi dæmi um heimildaskrá reynir á flestar þær venjur sem farið er eftir í tímaritinu.

HEIMILDIR

Andrews, Avery. 1971. Case Agreement of Predicate Modifiers in Ancient Greek. *Linguistic Inquiry* 2:127–151.

Ari Páll Kristinsson. [Án ártals.] Athugum málið! Ábendingar um íslenskt mál og málfar. *Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. <<https://www.arnastofnun.is/>>. [Sótt 18.02.2008.]

Baldur Jónsson. 1970. Reconstructing Verbal Compounds on the Basis of Syntax. Hreinn Benediktsson (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* [1], bls. 379–394. Vísindafélag Íslendinga, Reykjavík.

Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmalinu*. Fjelagsprentsmiðjan, Reykjavík.

DI = *Diplomatarium Islandicum*, *Íslenskt fornbréfasafn* 12, 1. Hið íslenska bókmentafélag, Reykjavík, 1923.

Dönsk-íslensk orðabók. Ritstjórar Hrefna Arnalds, Ingibjörg Jóhannesen og Halldóra Jónsdóttir.

Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík, 1992.

- Eiríkur Rögnvaldsson. 2008. Framtíð íslensku innan upplýsingatækninnar. Óprentuð grein á heimasíðu Eiríks Rögnvaldssonar. <<http://www.hi.is/~eirikur>>. [Bein slóð: <<http://www.hi.is/eirikur/ut.pdf>>. Sótt 20.03.2008.]
- Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þránínsson. 1990. On Icelandic Word Order Once More. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 3–40. Academic Press, San Diego.
- ER&HP = Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þránínsson 1990.
- FMR = *The First Grammatical Treatise* [‘Fyrsta málfraeðiritgerðin’]. Útgefandi Hreinn Benediktsson. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1972.
- Helgi Bernódusson. 1982. Ópersónulegar setningar. Kandidatsritgerð í íslenskri málfraeði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Heusler, Andreas. 1962. *Altisländisches Elementarbuch*. 5. útg. óbreytt. Carl Winter Universitätsverlag, Heidelberg.
- Holmberg, Anders, og Christer Platzack. 1995. *The Role of Inflection in Scandinavian Syntax*. Oxford University Press, Oxford.
- Höskuldur Þránínsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.
- ÍÓ = *Íslensk orðabók*. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda, Reykjavík, 2002.
- Jón Jónsson. 2019. Athugasemd um nafnið Jón. Óprentuð ritgerð. [Væntanleg í *Íslensku máli*.]
- Jón Hilmar Jónsson. 2001. *Orðastaður*. Orðabók um íslenska málnotkun. 2. útg. aukin og endurskoðuð. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Jörundur Hilmarsson. 1988–89. *Són*: Orðsifjar og myndun. *Íslenskt mál og almenn málfraeði* 10–11:33–41.
- Kjartan G. Ottósson. 1989. VP-Specifier Subjects and the CP/IP Distinction in Icelandic and Mainland Scandinavian. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 44:89–100.
- Lbs 220 8vo. Handrit á Landsbókasafni Íslands. [Uppskrift úr orðasafni eftir Hallgrím Scheving.]
- Ljósv = *Ljósvetninga saga*. Íslenzk fornrit 10. Björn Sigfússon gaf út. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík, 1940.
- MÍM = *Mörkuð íslensk málheild*. Ritstjóri Sigrún Helgadóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <<https://málheildir.arnastofnun.is/>>. [Sótt 23.1.2019.]
- Ordbog over det norrøne prosasprog*. Vefútgáfa orðabókarinnar á slóðinni <<http://onp.hum.ku.dk/webmenu.htm>>. Den Arnamagnæanske Kommission, Kaupmannahöfn.
- ROH-g = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Gagnasafn á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <<https://ritmalssafn.arnastofnun.is/#/>> [Sótt 20.12.2018.]
- ROH-s = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans* — Seðlasafn. [Varðveitt á Orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.]
- Sigurður Konráðsson. 1982. Málörk og blendingssvæði. Nokkur atriði um harðmæli og linnmæli. Ritgerð í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sthm. Perg. 15 4to. [Hér mætti svo hafa viðeigandi upplýsingar um þetta handrit.]
- Sturl = *Sturlunga saga* 1. Örnólfur Thorsson bjó til prentunar. Svart á hvítu, Reykjavík, 1988.
- TOH = *Talmálssafn Orðabókar Háskólans* — Seðlasafn. [Varðveitt á Orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.]
- Valgarður Egilsson. 2007. Örnefni við Eyjafjörð. *Nefnir*. Vefrit Nafnfræðifélagsins á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. [Bein slóð: <https://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_nefnir_VE>. Sótt 16.3. 2008.]
- Wasow, Thomas. 1977a. Ritdómur um *Conjectures and Refutations in Syntax and Semantics* eftir Michael Brame. *Linguistic Analysis* 3:377–395.
- Wasow, Thomas. 1977b. Transformations and the Lexicon. Peter W. Culicover, Thomas Wasow og Adrian Akmajian (ritstj.): *Formal Syntax*, bls. 327–360. Academic Press, New York.
- Þórhallur Eyþórsson (ritstj.). 2008. *Grammatical Change and Linguistic Theory*. The Rosendal papers. John Benjamins, Amsterdam.

12. Útdráttur og lykilorð

Greinum á íslensku (öðrum en stuttum athugasemdum o.p.h.) skal fylgja útdráttur (*summary*) á ensku og skal hann koma á eftir heimildaskrá. Greinum á öðru máli skal fylgja útdráttur bæði á íslensku og ensku. Í útdrætti skal aðeins stiklað á stærstu efnisatriðum og helstu niðurstöðum og skal hann að jafnaði ekki vera lengri en hálf síða í tölvuskjali.

Lykilorð (*key words*) á ensku koma næst á undan enska útdrættinum, yfirleitt ekki fleiri en fimm. Þetta eru orð sem gefa vísbendingar um viðfangsefni greinarinnar og eru ætluð til að auðvelda efnisleit á netinu.

13. Yfirlestur handrita og athugasemdir

Ritstjórar lesa allt efni sem berst til tímaritsins og meta hvort það falli að meginkröfum þess um efni og efnistöð. Ef svo er talið eru greinar sendar nafnlausar til tveggja yfirlesara (ritrýna) með beiðni um yfirlestur og mat. Til hliðsjónar er eyðublað og leiðbeiningar tímaritsins um gerð og frágang greina. Ritstjóri tekur við álitum og athugasemdum ritrýna, fer yfir þær og sendir höfundum niðurstöðuna ásamt athugasemdum og ábendingum um lagfæringar og endurbætur eftir því sem við á. Sé grein samþykkt til birtingar, yfirleitt með ábendingum um einhverjar lagfæringar – oft smávægilegar en stundum talsverðar breytingar á tilteknum atriðum, fá höfundar tíma til að fara yfir athugasemdirnar og gera nauðsynlegar breytingar. Höfundar eru hvattir til að nýta sér ábendingar ritstjóra og ritrýna sem best við lokagerð greinarinnar. Hafi höfundur af einhverjum ástæðum kosið að horfa framhjá tilteknum ábendingum er hann beðinn að útskýra í stuttu máli hvers vegna það var gert til þess að auðveldar ritstjóra að meta hvort gerðar hafa verið fullnægjandi breytingar á handritinu.

14. Prófkir

Höfundur fær fyrstu prófkir til yfirlestrar. Hún skal lesin og leiðrétt og send um hæl til ritstjóra. Á prófkir skal aðeins gera nauðsynlegar leiðréttingar og höfundar mega búast við að verða látnir greiða þann kostnað sem hlýst af annars konar breytingum (frávikum frá samþykktri lokagerð).

15. Sérprent

Sérprent af greinum og öðru efni sem birtist í tímaritinu eru ekki lengur gerð. Aftur á móti fá höfundar sent pdf-skjal með grein sinni eins og hún lítur út í prentun fljótlega eftir að viðkomandi hefti kemur út.